

AUSTUR - HÚNAVATNSSÝSLA

SVÆÐISSKIPULAG 2004-2016

Umhverfisskýrsla



Yngvi Þór Loftsson, Margrét Ólafsdóttir og Óskar Örn Gunnarsson

1	UMHVERFISMAT BREYTINGAR Á SVÆÐISSKIPULAGI AUSTUR-HÚNAVATNSSÝSLU 2004-2016 - UMHVERFISSKÝRSLA	3
1.1	SAMANTEKT	3
1.2	INNGANGUR	4
1.3	YFIRLIT YFIR EFNI ÁÆTLUNAR	4
1.4	TILGANGUR UMHVERFISMATS	5
1.5	TENGLI VIÐ AÐRA ÁÆTLANAGERÐ	6
2	UMFANG, ÁHERSLUR OG FRAMSETNING	7
2.1	MARKMIÐ ÁÆTLUNAR SEM TEKIN ERU TIL MATS	7
2.2	UMHVERFISÞÆTTIR OG VIÐMIÐ	8
3	UMHVERFISMAT	10
4	MATSFERLIÐ OG SAMRÁÐ	16
5	SAMLEGÐARÁHRIF OG HEILDARNIÐURSTAÐA MATSVINNU	17
6	VIÐAUKI.....	18
7	HEIMILDIR.....	20

1 UMHVERFISMAT BREYTINGAR Á SVÆÐISSKIPULAGI AUSTUR-HÚNAVATNSSÝSLU 2004-2016 - UMHVERFISSKÝRSLA

1.1 SAMANTEKT

Í umhverfisskýrslu er fjallað um hvaða áhrif tillaga að breytingu á Svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu hefur á umhverfið. Breytingin er matskyld þar sem hún fjallar um urðunarstað sem meðhöndlar meira en 500 tonn árlega og efnistaka þar sem fyrirhuguð nýting efnis er meiri en 150.000 m³. Þar með fellur hún undir 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og af þeim sökum undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Þessi umhverfisskýrsla er unnin í samræmi við 6. gr. laga um umhverfismat áætlana og leiðbeiningar um umhverfismat áætlana frá Skipulagsstofnun.

Í umhverfismati með breytingu á svæðisskipulagi voru aðrir valkostir lagðir fram aðrir valkostir varðandi sorpförgunar- og efnistökusvæði í landi Sölvabakka þar sem horft var til fimm staða, þ.e. Brimnes í Skagafirði, Höskuldsstaðir í Skagabyggð, Sölvabakki, Bakkakot og Blöndubakki í Blönduósbæ. Fyrir iðnaðar- og athafnasvæði var horft til fjögurra staða. Hnjúkar sunnan við Blönduósbæ, svæði frá flugvelli að Svínvetningabraut í Blönduósbæ og Húnavatnshreppi, Kaldakinn í Húnavatnshreppi og iðnaðarsvæði við Blönduvirkjun í Húnavatnshreppi. Fyrir valinu urðu Sölvabakki fyrir sorpförgunar- og efnistökuastað og Hnjúkar fyrir iðnaðar- og athafnasvæði. Þættir sem horft var til eftirfarandi vegna mats á umhverfisáhrifum breytingarinnar voru samfélag og auðlindir með eftirfarandi undirþáttum:

- Auðlindir: landrymi, orka og jarðefni
- Samfélag: samgöngur, efnahagur, félagslegt umhverfi og heilsa og öryggi.

Líkleg áhrif á breytingu svæðisskipulags Austur-Húnavatnssýslu eru í heildina lítið óveruleg eða jákvæð á þá þætti umhverfisins sem metnir voru. Jákvæð áhrif eru á samfélag sýslunnar en gert er ráð fyrir eflingu atvinnutækifæra þá sér í lagi með uppbyggingu orkufrekrar atvinnustarfsemi og þjónustu. Jákvæð áhrif eru einnig vegna nýs efnistökuastaðar þar sem með því skapast tækifæri að loka öðrum námum á viðkvæmum svæðum og fækka þannig námum sem er í samræmi við stefnumörkun um sjálfbæra þróun sem og stefnumörkun sveitarfélaga á svæðinu um að hafa námur færri en stærri. Ennfremur mun frágangi á yfirborði urðunarstaðar þannig hátt að urðun verður í áföngum samhliða fyllingu urðunarhólfa og landinu þannig skilað í sem líkustu ástandi og nú er. Óljós áhrif eru á samgöngur og umferðaröryggi vegna þeirrar óvissu sem ríkir um umferðaraukningu sem gæti fylgt breyttri landnotkun.

1.2 INNGANGUR

Hér er sett fram umhverfisskýrsla fyrir breytingu á Svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 en í henni er gerð grein fyrir umhverfisáhrifum breytingarinnar skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Gerð er tillaga um þrjár breytingar á svæðisskipulagi Austur - Húnavatnssýslu 2004 – 2016. Í fyrsta lagi er landbúnaðarsvæði í landi Sölvabakka breytt í sorpförgunar- og efnistökusvæði í öðru lagi er landbúnaðarsvæði og opnu svæði til sérstakra nota austan við Blönduós breytt í iðnaðar- og athafnasvæði og í þriðja lagi er landbúnaðarsvæði á Öxl 2 í Húnavatnshreppi breytt í verslunar- og þjónustusvæði og opið svæði til sérstakra nota.

1.3 YFIRLIT YFIR EFNI ÁÆTLUNAR

Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu er skipulagsáætlun sem er háð umhverfismati skv. 3 gr. laga nr. 105/2006 um umhverfimat áætlana þar sem áætlunin

- markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000
- er undirbúin og samþykkt af stjórnvaldi
- unnin skv. lögum.

Urðunarstaðir sem meðhöndla meira en 500 tonn árlega og efnistaka þar sem fyrirhuguð nýting efnis er meiri en 150.000 m³ fellur undir 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Af þeim sökum fellur breyting á svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Þessi umhverfisskýrsla er unnin í samræmi við 6. gr. laga um umhverfismat áætlana og leiðbeiningar um umhverfismat áætlana frá Skipulagsstofnun.

Landbúnaðarsvæði / sorpförgunar- og efnistökusvæði

Svæðið er um 30 ha að stærð og er í landi Sölvabakka í Blönduósbæ. Núverandi landnotkun í svæðisskipulaginu er landbúnaðarsvæði en er breytt í blandaða landnotkun sorpförgunar- og efnistökusvæði, gerð er breyting á uppdrætti þar sem sýnt er blönduð landnotkun efnistöku og sorpförgunar. Ekki er mörkuð stefna um efnistöku- og sorpförgunarsvæði í Svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 og breytingin nær því einungis til uppdráttar þar sem sýnt verður breytt landnotkun í landi Sölvabakka. Um er að ræða blandaða landnotkun sem er frávik frá hefðbundinni umfjöllun um efnistöku- og sorpförgunarsvæði. Urðunarstaðurinn verður hannaður í samræmi við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Einnig verður höfð hliðsjón af reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Gert er ráð fyrir að það þurfi 0,2 - 0,5 ha á ári fyrir urðunina sjálfa.

Landbúnaðarsvæði / iðnaðar- og athafnasvæði

Gerð er breyting á kafla 3.1.3 um iðnaðar- og athafnasvæði þar sem gert er ráð fyrir blandaðri landnotkun iðnaðar og athafna á svæði þar sem nú er landbúnaðarland og opið svæði til sérstakra nota. Ekki er gert ráð fyrir nema að hámarki 10% svæðisins verði nýtt fyrir iðnað en heildarstærð svæðisins eru tæpir 500 ha. Núverandi landnotkun á svæðinu er landbúnaðarlandnotkun og opið svæði til sérstakra nota þar sem er reiðvöllur sem felldur verður út en annar reiðvöllur er við hesthúsasvæðið á Blönduósi. Á svæðinu er gert ráð fyrir orkufrekum iðnaði og í matinu er gengið út frá því að um sé að ræða gagnaver. Gagnaver er fyrst og fremst skilgreint á athafnasvæðum (sbr. gagnaver á Reykjanesi) en sá hluti svæðisins sem skilgreint er sem iðnaðarsvæði er ætlað fyrir varaafstöð til að tryggja afhendingaröryggi.

Landbúnaðarsvæði / verslunar- og þjónustusvæði og opið svæði til sérstakra nota

Gerð er breyting á kafla 3.1.2.2 um verslun og þjónustu og á kafla 3.3 um opin svæði til sérstakara nota.

Samkvæmt lögum umhverfismat áætlana skal eftirfarandi koma fram í umhverfismati svæðisskipulagsins:	Í Svæðisskipulagi Austur – Húnavatnssýslu 2004-2016 og umhverfismati þessi er fjallað um þessi atriði með eftirfarandi hætti:
Yfirlit yfir efni aðalskipulagsins.	Sjá kafla 1.2.
Tengsl við aðrar áætlanir.	Sjá kafla 1.4 í umhverfisskýrslu þar sem sjá má hvaða áætlunum öðrum byggt hefur verið á við gerð svæðisskipulagsins.
Upplýsingar um grunnástand umhverfisins.	Sjá kafla 3 í umhverfisskýrslu.
Umfjöllun um líklega þróun umhverfisins án framfylgdar svæðisskipulagsins.	Sjá kafla 3 í umhverfisskýrslu.
Lýsing á þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum af framkvæmd svæðisskipulagsins.	Sjá kafla 3 í umhverfisskýrslu.
Lýsing á umhverfisvandamálum sem varða svæðisskipulagið, sérstaklega sem varða svæði sem hafa sérstakt náttúruverndargildi.	Sjá kafla 3 í umhverfisskýrslu.
Upplýsingar um umhverfisverndarmarkmið sem stjórnvöld hafa samþykkt og varða svæðisskipulagið og hvernig tillit hefur verið tekið tillit til þeirra.	Sjá kafla 3 og 6 í umhverfisskýrslu.
Skilgreining, lýsing og mat á líklegum verulegum umhverfisáhrifum af framkvæmd svæðisskipulagsins.	Sjá kafla 3 í umhverfisskýrslu.
Skilgreining, lýsing og mat á líklegum verulegum umhverfisáhrifum raunhæfra valkosta við svæðisskipulagið.	Sjá kafla 3 í umhverfisskýrslu.
Upplýsingar um mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir, draga úr eða vega upp á móti verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.	Ekki er þörf á mótvægisáðgerðum.
Lýsing á því hvernig matið fór fram, upplýsingar um vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa.	Sjá kafla 3 í umhverfisskýrslu.
Samantekt.	Sjá kafla 5 í umhverfisskýrslu.

1.4 TILGANGUR UMHVERFISMATS

Umhverfismat áætlana er aðferð til þess að auka gæði áætlana, breyta þeim og samþætta þær fyrirliggjandi stefnu í umhverfismálum og sjálfbærri þróun. Umhverfismat áætlana er ákveðið ferli sem ber að fylgja við gerð áætlana svo leggja megi mat á hvort og þá hvaða áhrif tiltekin áætlun hefur á umhverfið í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Grundvallarhugmyndin með slíku mati er að sá sem mótar stefnuna átti sig á orsakasambandi milli áætlana og umhverfisáhrifa þeirra. Tilgangur þessarar umhverfisskýrslu er að greina frá því á hvaða hátt ákvarðanir um landnotkun og stefnumið svæðisskipulags Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 í tilteknum málaflokkum hafa áhrif á umhverfið og hvernig tekið var tillit til þessara áhrifa. Í 1.gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 kemur fram að markmið þeirra sé að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að því að við gerð framkvæmda- og skipulagsáætlana sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Matsvinnan fyrir breytingu á svæðisskipulagi miðaði við að þessum tilgangi laganna yrði náð.

1.5 TENGL VIÐ AÐRA ÁÆTLANAGERÐ

Við gerð umhverfisskýrslu verður horft til og tekið mið af eftirfarandi áætlunum. Horft var einnig til alþjóðlegra samninga og annarra stefnuskjala stjórnvalda eftir því sem við á.

Við gerð umhverfisskýrslu verður horft til og tekið mið af eftirfarandi áætlunum.

Áætlanir til athugunar	Tenging	Möguleg viðbrögð í Skipulagsvinnunni
Aðalskipulag Blönduós 1993-2013	Gildandi aðalskipulag sem staðfest var 1996. Gildandi aðalskipulag nær einungis yfir þéttbýlið.	Iðnaðarsvæði í landi Hnjúka og sorpfögunar- og efnistökusvæði verður sett inn í endurskoðað aðalskipulag sem er í vinnslu. Gildandi aðalskipulag fellur niður þegar nýtt aðalskipulag tekur gildi.
Aðalskipulag Húnaþings Vestra 2002-2014	Haft til hliðsjónar við breytingu á Svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016. og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum þess.	Tillagan mun ekki hafa áhrif á Aðalskipulag Húnaþings Vestra 2002-2014.
Aðalskipulag Skagafjarðar 2005-2017	Haft til hliðsjónar við breytingu á Svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016. og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum þess.	Tillagan mun ekki hafa áhrif á Aðalskipulag Skagafjarðar 2005-2017. Unnið er að endurskoðun Aðalskipulags Skagafjarðar 2009-2021 og hefur tillaga verið auglýst. Þar er lagt til að núverandi sorpfögunarsvæði í verði lagt af og samstarf sé á milli Sveitarstjórna Skagafjarðar við sveitarfélög í Austur-Húnavatnssýslu í leit að hentugum urðunarstað.
Aðalskipulag Blönduós 2008-2020. Aðalskipulag er í vinnslu.	Svæðisskipulagið tekur á landnotkun í dreifbýli Blönduósþéttbýlis.	Setja þarf inn í stefnumörkun fyrir aðalskipulag í kjölfar svæðisskipulagsbreytingar inn svæði fyrir urðun og efnistöku í landi Sölvabakka og iðnaðarsvæði innan þéttbýlis Blönduós.
Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2008-2020. Aðalskipulag er í vinnslu.	Svæðisskipulagið tekur á landnotkun innan Húnavatnshrepps.	Setja þarf inn svæði fyrir verslun og þjónustu í landi Axlar II.
Deiliskipulag á svæðum sem tillaga að breytingu nær yfir og aðliggjandi svæðum	Deiliskipulag á svæðinu hóf til hliðsjónar við breytingu á svæðisskipulagi og við gerð umhverfisskýrslu. Fyrir liggja tillögur að deiliskipulagi fyrir sorpfögunar- og efnistökusvæði á Sölvabakka og ferðaþjónustusvæði á Öxl II. Gert er ráð fyrir að deiliskipulag fyrir iðnaðar- og athafnasvæði á Hnjúkum verði lokið í júlí.	Breytingin mun ekki hafa áhrif á deiliskipulag vegna fyrirhugaðrar breytingar á svæðisskipulagi. Iðnaðarsvæði í landi Hnjúka fer nokkuð nærri hesthúsasvæði við Arnargerði þar sem fyrir liggur deiliskipulag. Deiliskipulag fyrir öll svæðin verða í auglýsingaferli áður en auglýsing Svæðisskipulags lýkur og munu þau veita frekari skýringar á þeim áformum sem eru á döfunni.
Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2007-2020	Tekið er á sorpfögun á Norðvesturlandi.	Skipulagsbreytingin tekur mið af gildandi áætlun.
Landsáætlun 2004 – 2020, Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs	Tekið á sorpfögun	Að breytingin samræmist þeim kröfum sem löggjafinn setur þessum málaflokki

Velferð til framtíðar Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi <i>Stefnumörkun til 2020</i>	Tekið á öllum málaflokkum	Að breytingin samræmist þeim kröfum sem löggjafinn setur.
Samgönguáætlun 2007-2010	Höfð til hliðsjónar við breytingu á Svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016, og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum þess.	Breytingin er í samræmi við samgönguáætlun.
Náttúruverndaráætlun 2004-2008	Höfð til hliðsjónar við breytingu á Svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016, og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum þess.	Breytingin er í samræmi við náttúruverndaráætlun.
Kerfisáætlun Landsnets 2009-2013	Höfð til hliðsjónar við breytingu á Svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016, og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum þess.	Breytingin er í samræmi við kerfisáætlun Landsnets.

2 UMFANG, ÁHERSLUR OG FRAMSETNING

2.1 MARKMIÐ ÁÆTLUNAR SEM TEKIN ERU TIL MATS

Í umhverfisskýrslu þessari var fjallað um umhverfisáhrif stefnu svæðisskipulagsins í eftirfarandi málaflokkum:

- 3.1.2.1 Verslunar- og þjónustusvæði
Stefnt er að því að efla verslun og þjónustu á svæðinu í heild.
- 3.1.2.2 Fristundabyggð og ferðamennska
Stefnt er að eflingu fristundabyggðar og ferðamennsku, meðal annars í þeim tilgangi að skapa fólki aðstöðu á svæðinu og lengja dvalartíma þess þar.

Umhverfismatið fjallar um þær aðgerðir sem lagðar eru til varðandi uppbyggingu á ferðaþjónustu í landi Axlar II og samræmi við stefnumörkun svæðisskipulags.

- 3.1.3 Iðnaðar- og athafnasvæði
Stefnt er að því að kannaðir verði möguleikar á orkufrekum iðnaði á svæðinu.

Umhverfismat fjallar um hvaða áhrif uppbygging gagnavers hefur á umhverfið og samræmi við stefnumörkun svæðisskipulags.

- 3.6. Efnistökusvæði
Gera skal grein fyrir þeim svæðum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka utan þéttbýlisstaða. Gera skal grein fyrir staðsetningu og stærð svæðanna og öðru sem þurfa þykir.

Í gildandi svæðisskipulagi er fjallað um efnistökusvæði og þau sýnd á uppdrætti.

Umhverfismat fjallar um á hvaða áhrif efnistaka í landi Sölvabakka hefur á umhverfið.

- 3.7 Sorpförgunarsvæði og fyrirkomulag sorphirðu
Gera skal grein fyrir þeim svæðum þar sem fram fer og fyrirhuguð er förgun á sorpi og öðrum úrgangi.“

Umhverfismat fjallar um hvaða áhrif sorpförgun í landi Sölvabakka hefur á umhverfið.

Bornir voru saman valkostir í umhverfismatinu í þeim tilvikum þar sem fleiri en einn grundvallar stefnukostur hefur komið sterklega til álita í skipulagsvinnunni (sjá kafla 3).

2.2 UMHVERFISÞÆTTIR OG VIÐMIÐ

Umhverfisþættir og umhverfisviðmið

Við gerð umhverfisskýrslu fyrir svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu var ákveðið að horfa til umhverfisþáttanna samfélag og auðlindir. Þar undir koma nokkrir undirþættir sem greinast eftirfarandi:

- **Samfélag:** Undirþættir eru landrými, orkunotkun, jarðefnanotkun.
- **Auðlindir:** Undirþættir eru samgöngur, efnahagur, félagslegt umhverfi og öryggi

Að baki hverjum umhverfisþætti eru lagðar fram forsendur þess að hann er valinn og hvar upplýsingar um hann er að finna. Að baki hverjum umhverfisþætti liggja matsspurningar og viðmið. Viðmið eru ýmist stefna sveitarstjórna, lög og reglugerðir eða stefna íslenskra stjórnvalda. Með þeim er hægt að afmarka gagnasöfnun um tiltekinn umhverfisþátt við ákveðin atriði. Nánari skýringar á umhverfisþáttum og viðmiðum má finna í lok umhverfisskýrslu.

Umhverfismatið – aðferðir og framsetning niðurstaðna

Upplýsingar sem nýttar verða við gerð umhverfisskýrslu eru gögn sem aflað hefur verið við gerð gildandi Svæðisskipulags Austur - Húnavatnssýslu ásamt gögnum sem tengjast umhverfismati einstakra framkvæmda innan sýslunnar sem og tilkynningargögn og gögnum sem aflað hefur verið í tengslum við þá vinnu. Byggt var á fyrirliggjandi upplýsingum um ástand umhverfis í Austur - Húnavatnssýslu, þ.m.t. á fyrirliggjandi upplýsingum úr málsmeðferð einstakra framkvæmda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Til að lýsa vægi áhrifanna eru notaðar venslatöflur þar sem áhrifum er lýst á eftirfarandi hátt:

Vægi áhrifa		Skýring
Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfisþátt. Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. Áhrifin eru oftast svæðis- eða landsbundin en geta einnig verið staðbundin.
Óveruleg	0	Óveruleg áhrif á umhverfisþátt Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru minniháttar, m.t.t. umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrifin eru oftast stað- eða svæðisbundin.
Neikvæð	-	Neikvæð áhrif á umhverfisþátt

<p>Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrfars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin.</p>		
Áhrif óljós	?	<p>Óljós áhrif á umhverfisþátt</p> <p>Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun.</p>

3 UMhverfismat

Stefna Svæðisskipulags Austur - Húnavatnssýslu um efnistökusvæði og sorpförgunarsvæði (sjá kafla 3.6 og 3.7)

Í svæðisskipulagi er ekki sett fram stefnumörkun um efnistöku- og sorpförgunarsvæði heldur er gerð krafa um að gerð verði grein fyrir þeim efnistökusvæðum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka utan þéttbýlisstaða. Gera skal grein fyrir staðsetningu og stærð svæðanna og öðru sem þurfa þykir.

Gera skal grein fyrir þeim sorpförgunarsvæðum þar sem fram fer og fyrirhuguð er förgun á sorpi og öðrum úrgangi

Umfjöllun um jákvæð og neikvæð áhrif þeirra aðgerða í breytingu á svæðisskipulagi varðandi sorpförgunarsvæði snýr að því að finna hentugt sorpförgunarsvæði í samstarfi við sveitarfélög í Austur-Húnavatnssýslu og í Skagafirði. Með tilkomu sorpförgunarsvæðis á Sölvabakka myndi svæðið breytast mikið en áhrifin eru helst á þættina, landrými, orku, jarðefni, samgöngur og heilsa og öryggi. Ekki er lagt til að meta áhrifin á náttúrfarslega þætti og er því vísað til umhverfismats á seinni stigum, þ.e. aðal- og deiliskipulags. Aðrir umhverfisþættir sem voru til athugunar en verða fyrir óverulegum áhrifum eru efnahagur og félagslegt umhverfi. Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi fyrir sorpförgunar- og efnistökusvæði sem verður auglýst í júlí 2009.

Urðunarstaður og efnistaka í landi Sölvabakka

Umhverfisaðstæður og forsendur

Landið er að mestu sléttur melur sem hallar lítilllega í átt til sjávar en neðst á svæðinu eru brattar malar- og leirbrekkur sem ná niður í fjöru, stysta fjarlægð frá lóð að sjó er um 60 m. Í melnum innan framkvæmdarsvæðis eru þrjár skorningar í landinu sem eru rof eftir vorleysingarläki, en þar er ekki rennandi vatn að ráði á öðrum árstímum. Ekkert vatn er sýnilegt innan svæðisins í þurrviðri enda er melurinn gljúpur og þurr og þegar rignir hripar rigningaratn jafnóðum niður í jörðina. Fyrirhugað er að koma jarðefnum sem koma úr myndun urðunarhóla í nýtingu á og utan framkvæmdarsvæðis eins og mögulegt er, t.d. í vegagerð. Með nýtingu jarðefna úr melnum skapast tækifæri til að loka öðrum efnistökusvæðum í nágrenninu sem eru á viðkvæmum svæðum eða til að seinka því að opna þurfi nýja. Möguleiki er á að nýta a.m.k. 8.000 m² af jarðefnum árlega, en nánari könnun og reynsla verður að leiða í ljós gæði efnisins og hagkvæmni vinnslu þess. Hluti jarðefna nýtist við uppbyggingu urðunarstaðar og í rekstri hans í vega- og slóðagerð og hulu á úrgang auk mana ef með þarf. Ef ekki finnst nýting fyrir jarðefni í verkefni utan svæðis verður efni notað í landmótun á lóðinni í samráði við skipulagsyfirlöng og landeiganda. Fornleifadeild Byggingasafns Skagfirðinga skráningu fornleifa á g Sölvabakka í Blönduósbæ. Tekið hefur verið tillit til minja við gerð deiliskipulags á Sölvabakka.

Valkostir:

Í ferlinu voru metnir 5 staðir, Brimnes í Sveitarfélaginu Skagafirði. Höskuldsstaðir í Skagabyggð, Sölvabakki í Blönduósbæ, Bakkakot í Blönduósbæ og Blöndubakki í Blönduósbæ en Sölvabakki var besti kosturinn. Sölvabakki er tiltölulega miðsvæðis á milli tveggja stærstu þéttbýlisstaðanna í Austur – Húnavatnssýslu sem og Sauðárkróks um Þverárfjall og nálægt stofnvegum í góðum tengslum við byggðina í sýslunni. Með breytingu á Skagastrandarvegi verður tenging við svæðið enn betri. Eftir nánari ígrundun voru hinir valkostirnir ekki taldir raunhæfir vegna ýmissa annmarka. Staðsetning við Brimnes þótti ekki hentug vegna flókens eignarhalds á landi. Höskuldsstaðir voru útilokaðir vegna staðsetningar, en hann þótti nokkuð áberandi og einnig var nálægðin of mikil við Laxá og við votlendissvæði. Bakkakot kom ekki til frekari álita vegna legu þjóðveggar sem myndi skapa erfiðleika með frárennsli vegna sigvatns. Á Blöndubakka var stutt á klöpp og því ekki ákjósanlegt með tilliti til þeirrar aðferðar sem notast á við efnistöku og urðun. Einnig þótti nálægðin við þéttbýli vera of mikil.

Nullkostur: Hugsanlegt væri að nýta urðunarstaði við Blönduós og Skagaströnd eitthvað áfram og flytja sorp frá Skagafirði og Siglufirði þangað til urðunar. Þetta krefst aukinnar jarðgerðar á svæðinu öllu, auk meiri fullvinnslu og jarðgerð á fisk-, slátur- og kjötvinnsluúrgangi. Þessi leið væri hugsanleg samhliða sorpbrennslu á Skagaströnd, eða mikilli flokkun og endurnýtingu Urðunarstaðirnir sem nú eru starfandi uppfylla ekki þær kröfur sem settar eru í ákvæðum laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs staðirnir þurfa að laga sig að kröfum reglugerðar nr. 738/2003 fyrir júlí 2009.

Urðunarstaður og efnistaka sjá	Til athugunar	Matsspurning	Viðmið og gögn	Niðurstaða mats
--------------------------------	---------------	--------------	----------------	-----------------

(kafla 3.3 og 3.6).				
Auðlindir				
<i>Landrymi</i>	Athuga þarf hversu landfrek fyrirhugað starfsemi er og hvaða áhrif það hefur á staðsetningu svæðisins.	Hlutfall lands sem fer undir sorpförgunarsvæði og efnistöku.	Leiðbeiningarbæklingur Skipulagsstofnunar Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 <i>Stefna Aðalskipulags Blönduós 2008-2020 um atvinnu.</i>	Stærð urðunarsvæðisins er 30 ha og er því lítill hluti af heildarstærð Austur - Húnavatnssýslu og hefur því óveruleg áhrif á hlutfall milli byggðs og óbyggðs lands enda er svæðið nú þegar að hluta til raskað og að á stórum hluta beitarrand en þar sem um er að ræða lita skerðingu á beitarrandi miðað við heildina er þetta óveruleg skerðing.
<i>Orka</i>	Athuga þarf fjarlægð starfsviðsins við helstu þéttbýlisstaði, byggð og stofnbrautir.	Hefur staðsetning nýs sorpförgunarstaðar áhrif á orkunotkun, vegna fjarlægðar við helstu þéttbýlisstaði.	Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 <i>Stefna Aðalskipulags Blönduós 2008-2020 um atvinnu.</i> Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2007-2020 Velferð til framtíðar Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi <i>Stefnumörkun til 2020</i>	Vegna nálægðar urðunarstaðar við stofnbraut, staðsetningar urðunarstaðar miðsvæðis í byggðinni í Austur - Húnavatnssýslu og nálægðar við helstu þéttbýlisstaði í sýslunni hefur staðsetningin óveruleg áhrif á orkunotkun.
<i>Jarðefni</i>	Athuga þarf þörf fyrir ný efnistökusvæði.	Hefur nýr efnistökuastaður áhrif á fjölda náma	Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 <i>Stefna Aðalskipulags Blönduós 2008-2020 um atvinnu.</i> Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2007-2020 Velferð til framtíðar Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi <i>Stefnumörkun til 2020</i>	Fyrirhugað er að koma jarðefnum sem koma úr myndun urðunarhólfa í nýtingu á og utan framkvæmdarsvæðis eins og mögulegt er, t.d. í vegagerð. Með nýtingu jarðefna úr melnum skapast tækifæri til að loka öðrum efnistökuöðum í nágrenninu sem eru á viðkvæmum svæðum eða til að seinka því að opna þurfi nýja. Stefnumörkunin hefur því jákvæð áhrif á jarðefnanotkun.
Samfélag				

<i>Samgöngur</i>	Athuga þarf hvernig umferð breytist með nýrri landnotkun.	Hefur ný landnotkun áhrif á ferðavenjur og akstursvegalengdir.	Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 <i>Stefna Aðalskipulags Blönduós 2008-2020 um atvinnu.</i> Velferð til framtíðar Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi <i>Stefnumörkun til 2020</i>	Áhrif á samgöngukerfi eru óverleg þar sem nýr sorpförgunarstaður hefur óveruleg áhrif á fjölda ferða og akstursvenjur. Tillagan samræmist stefnu svæðisskipulagsins þar sem stefn er að endurbótum og viðhalds núverandi vegakerfis
<i>Heilsa og öryggi</i>	Athuga hvernig breytt umferð hafa áhrif á umferðaröryggi.	Hefur aukin umferð vegna nýrra svæða áhrif á öryggi.	Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 <i>Stefna Aðalskipulags Blönduós 2008-2020 um atvinnu.</i>	Sorpförgunarsvæði við Sölvabakka hefur óveruleg áhrif á umferðaröryggi því umferðaraukningin um vegi verður óveruleg.

Stefna svæðisskipulags Austur – Húnavatnssýslu 2004 – 2016 um iðnaðar- og athafnasvæði (sjá kafla 3.1.3)

Meginmarkmið Svæðisskipulags Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 um iðnaðar- og athafnasvæði er að stefnt er að því að kannaðir verði möguleikar á orkufrekum iðnaði á svæðinu. Lagt verður mat á hvaða áhrif uppbygging gagnavers hefur á umhverfið.

Umfjöllun um jákvæð og neikvæð áhrif stefnumörkunar Svæðisskipulags Austur-Húnavatnssýslu um iðnaðar- og athafnasvæði sneri að finna hentugan stað fyrir orkufrekan iðnað í sýslunni. Í þessu tilviki er horft til uppbyggingu gagnavers í landi Hnjúka við Blönduós. Uppbygging iðnaðar og tilkoma gagnavers hefði nokkuð víðtæk áhrif á samfélagið á Blönduósi og í sýslunni allri m.a á efnahag. Tímabundin eftirspurn eftir vinnuafli á uppbyggingartíma þar sem skapast geta allt að 250 störf og 60 eftir að uppbyggingu lýkur mun leiða til aukinnar eftirspurnar eftir húsnæði og þjónustu ýmis konar. Með tilkomu nýs iðnaðar- og athafnasvæðis mun landnotkun breytast og áhrifin munu verða helst á landrymi, orkunotkun, samgöngur, efnahagur, félagslegt umhverfi og heilsa og öryggi. Ekki er lagt til að meta áhrifin á náttúrfarslega þætti og er því vísað til umhverfismats á seinni stigum, þ.e. aðal- og deiliskipulags. Einnig er lagt til að í endurskoðun aðalskipulags fyrir Blönduós verði gert betur grein fyrir hvaða áhrif uppbygging iðnaðar mun hafa á íbúapróun, eftirspurn eftir húsnæði og þjónustu. Aðrir umhverfisþættir sem voru til athugunar en verða fyrir óverulegum áhrifum eru jarðefni. Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi fyrir iðnaðar- og athafnasvæði sem verður auglýst í júlí 2009.

Iðnaðar- og athafnasvæði við Blönduósbæ:

Umhverfisaðstæður og forsendur

Svæðið er framræst beitarnland sem hefur verið nýtt sem hrossahólf í útjaðri Blönduós. Sveitarfélagið Blönduós er að stefna að uppbyggingu gagnavers í jaðri Blönduósbæjar á um tæplega 500 ha svæði. Undanfarin ár hefur heldur dregið úr fjölgun íbúa á Blönduósi og í sýslunni allri sem og úr umsvifum á nokkrum sviðum atvinnulífsins og því er þörf á að endurskoða möguleika og skapa ný sóknarfæri fyrir atvinnulíf sveitarfélagsins. Fornleifadeild Bygðasafns Skagfirðinga skráningu fornleifa á Hnjúkum Tekið hefur verið tillit til minja þegar unnið verður deiliskipulag fyrir Hnjúka verður tekið fullt tillit til þeirra minja sem fornleifaskráningin metur mikilvægar.

Valkostir:

Í ferlinu voru 4 staðir metnir, jörðin Hnjúkar sunnan við Blönduós, svæði frá flugvelli að Svínvetningabraut í Blönduósbæ og Húnavatnshreppi, jörðin Kaldakinn í Húnavatnshreppi og iðnaðarsvæði við Blönduvirkjun í Húnavatnshreppi. Forsendur fyrir staðsetningu á gagnaverinu voru eftirfarandi; utan jarðskjálftasvæða og gosabeltisins, landhæð yfir 30 m y.s.,

nálægð við spennuvirki og/eða virkjun, góð tengin við flutningsleiðir raforku og ljósleiðara, góð tenging við stofnvegi, möguleg tenging við vatnsföll eða sjó til kælingar, í tengslum við þéttbyli, þróunarmöguleikar til stækkunar og að uppbygging gæti hafist á þessu ári m.t.t. skipulags- og eignarhaldsmála. Jörðin Hnjúkar var besti kosturinn m.t.t. allra þátta. Svæðið austan flugvallar var takmarkað vegna nálægðar við flugvöllinn og Laxá á Ásum. Jörðin Kaldakinn kom ekki til greina vegna eignarhalds og brattlendis. Iðnaðarsvæðið við Blönduvirkjun var of lítið og bratt og fjarlægðin til þéttbylisins of mikill.

Núllkostur: Miðað er við að fyrsti áfangi í uppbyggingu á gagnaveri geti skapað allt að 60 störf og að við byggingarframkvæðir skapist 250 störf. Ljóst er að dregið hefur úr íbúafjölda og atvinnutækifærum í A-Húnavatnssýslu á undanförunum árum. Ef ekki verið farið í þá uppbyggingu sem hér er kynnt er ljóst að núllkostur getur ekki verið samfélagslega ásættanlegur.

Iðnaðar- og athafnasvæði sjá (kafla 3.1.3)	Til athugunar	Matsspurning	Viðmið og gögn	Niðurstaða mats
<i>Auðlindir</i>				
<i>Landrymi</i>	Athuga þarf hversu landfrek fyrirhuguð starfsemi er og hvaða áhrif það hefur á staðsetningu svæðisins.	Hlutfall lands sem fer undir iðnaðar- og athafnasvæði.	Leiðbeiningarbæklingur Skipulagsstofnunar Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 <i>Stefna Aðalskipulags Blönduós 2008-2020 um atvinnu.</i>	Stærð iðnaðar- og athafnasvæðis er tiltölulega umfangsmikið í hlutfalli við aðra landnotkun á svæðinu og af heildarstærð sveitarfélagsins eða um 500 ha, en einungis lítil hluti er ætlaður undir iðnaðarsvæði og eru því áhrifin á landrymi talin vera óveruleg.
<i>Orka</i>	Athuga þarf orkuþörf gagnavers.	Hefur ný landnotkun og uppbygging hennar áhrif á orkuþörf á svæðinu.	Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 <i>Stefna Aðalskipulags Blönduós 2008-2020 um atvinnu.</i> Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2007-2020 Velferð til framtíðar Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi <i>Stefnumörkun til 2020</i>	Á þessu stigi er orkuþörf þeirrar starfsemi sem kemur á svæðið óljós en starfsemin samræmist stefnu svæðisskipulagsins þar sem stefn er að því að kannaðir verði möguleikar á orkufrekum iðnaði á svæðinu.
<i>Samfélag</i>				
<i>Samgöngur</i>	Athuga þarf hvernig umferð breytist með stefnumörkuninni.	Hefur ný landnotkun áhrif á ferðavenjur og	Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 <i>Stefna Aðalskipulags Blönduós</i>	Áhrif á samgöngukerfi eru óljós því ekki er ljóst hversu mikil umferðaraukning fylgir nýrri landnotkun.

		fjöldi ferða.	2008-2020 um atvinnu. Velferð til framtíðar Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi Stefnumörkun til 2020	
Efnahagur	Athuga þarf áhrif fjölbreyttrar atvinnustarfsemi og fjölgun íbúa á efnahag	Hver eru áhrif fjölbreyttrar atvinnustarfsemi og fjölgun íbúa á efnahag.	Gildandi Svæðisskipulag um markmið og stefnu atvinnusvæði. Stefna viðkomandi sveitarfélaga um framboð og eftirspurn eftir atvinnuhúsnæði, stefnumörkun um atvinnusvæði, verslun og þjónustu og iðnaðar- og athafnasvæði.	Jákvæð áhrif á efnahag, samræmist stefnu svæðisskipulagsins þar sem sagt er skipulagsáætluninni er ætlað að skapa rými til eflingar atvinnulífs og skilgreina svæði fyrir nýjar atvinnugreinar. Áhrif Aukin atvinna myndi skapast bæði í beinum tengslum við framkvæmdir tengdum iðnaðaruppbyggingu sem og afleiddum störfum.
Félagslegt umhverfi	Athuga áhrif stefnumörkunarinnar á íbúapróun.	Hver eru áhrifin á, búsetukosti og íbúapróun.	Stefna svæðisskipulags um íbúapróun, þróun byggðar og dreifingu búsetu eftir svæðum einnig markmið um íbúðarsvæði Stefna viðkomandi sveitarfélags um íbúapróun, framboð og eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði, markmið og stefnu um íbúðarbyggð.	Jákvæð áhrif á íbúapróun samræmist stefnu svæðisskipulagsins þar sem sagt er að saga mannaúður og náttúr þjófnaðar upp á möguleika sem menn munu nýta sér og byggja nýjungar á.
Heilsa og öryggi	Athuga hvernig breytt umferð hefur á umferðaröryggi.	Áhrif aukinnar og breyttrar umferðar vegna nýrra svæða	Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 Stefna Aðalskipulags Blönduós 2008-2020 um atvinnu.	Óljós áhrif á öryggi þar sem ekki er ljóst hversu mikil umferðaraukning fylgir nýrri landnotkun en ljóst er að umferð um gatnamót Þjóðveg 1 og 731 aukast. Ekki er talið að uppbygging gagnavers hafi áhrif á loftgæði.

Stefna svæðisskipulags Austur – Húnavatnssýslu 2004 – 2016 um Verslun og þjónusta, frístundabyggð fyrir ferðamennska og Opin svæði til sérstakra nota (sjá kafla 3.1.2.1, 3.1.2.2 og 3.3.)

Meginmarkmið Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu í þessu málaflokki er eftirfarandi:

<p>Stefnt er að því að efla verslun og þjónustu á svæðinu í heild.</p> <p>Stefnt er að eflingu frístundabyggðar og ferðamennsku, m.a. í þeim tilgangi að skapa fólki fjölpætta aðstöðu á svæðinu og lengja dvalartíma þess þar.</p> <p>Stefnt er að því að hafa opin svæði til sérstakra nota aðlaðandi og áhugaverð.</p> <p>Umfjöllun um jákvæð og neikvæð áhrif stefnumörkunar Svæðisskipulags Austur-Húnavatnssýslu var að leggja mat á þær aðgerðir sem lagðar eru til varðandi uppbyggingu á ferðaþjónustu í landi Axlar II. Með tilkomu ferðaþjónustusvæðis á Öxl II er verið að bjóða upp á áningastað við vesturinnanganginn að Húnavatnshreppi á sama hátt og Húnaver er við austurinnanganginn. Í samræmi við SSK fellur svæðið undir þjónustumiðstöð í flokki C, þar sem bjóða má upp nokkra þjónustu. Uppbygging á þessum stað fellur því vel að markmiðum um eflingu ferðaþjónustu.</p>				
<p>Verslun og þjónusta og opið svæði til sérstakra nota Öxl II:</p> <p><i>Umhverfisaðstæður og forsendur</i></p> <p>Landið hefur verið nýtt sem haglendi og er grýtt graslendi sem er tiltölulega slétt og hallar á móti vestri. Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga hefur mælt upp minjar innan skipulagssvæðisins. Einu minjarnar sem eru innan þess eru hlaðnir réttarveggir sem hafa fallið saman. Gert er ráð fyrir að réttinn verði hluti af tjaldsvæðinu og verða engar framkvæmdir gerðar sem spilla henni. Á suðurhluta jarðarinnar Öxl 2 er gert ráð fyrir nýju verslunar- og þjónustusvæði og opnu svæði til sérstakra nota fyrir tjaldsvæði og þjónustu við ferðamenn. Heildarstærð svæðisins er um 12. Uppbygging á þessu svæði er innan Húnavatnshrepps þar sem íbúum hefur fækkað undanfarin ár. Landbúnaður er aðalvatnsgreinin í sveitarfélaginu. Sumarið 2008 gerði Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga skráningu fornleifa á Hnjúkum og Sölvabakka í Blönduósbae og fyrir Öxl II í Húnavatnshreppi. Tekið hefur verið tillit til minja við gerð deiliskipulags á Sölvabakka og Öxl II og þegar unnið verður deiliskipulag fyrir Hnjúka verður tekið fullt tillit til þeirra minja sem fornleifaskráningin metur mikilvægar. Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi fyrir ferðaþjónustusvæði á Öxl II sem verður auglýst í júlí 2009.</p>				
Verslun og þjónusta og frístundabyggð og ferðamennska (kaflar 3.1.2.1 og 3.1.2.2.)	Til athugunar	Matsspurning	Viðmið og gögn	Niðurstaða mats
<i>Auðlindir</i>				
<i>Landrymi</i>	Athuga þarf hversu landfrek fyrirhuguð starfsemi er og hvaða áhrif það hefur á staðsetningu svæðisins.	Hlutfall lands sem fer undir verslun og þjónustu.	Leiðbeiningarbæklingur Skipulagsstofnunar Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 <i>Stefna Aðalskipulags Blönduós 2008-2020 um atvinnu.</i>	Stærð verslunar- og þjónustusvæðið er 12 ha sem er lítil hluti af heildarstærð haglendis í Austur - Húnavatnssýslu og. Stefnumörkunin samræmist stefnu svæðisskipulagsins þar sem stefnt er að efla verslun og þjónustu á svæðinu í heild og að efla frístundabyggða og ferðamennsku.
<i>Samfélag</i>				
<i>Samgöngur</i>	Athuga þarf hvernig umferð breytist með nýrri landnotkun.	Hefur ný landnotkun áhrif á ferðavenjur og	Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 <i>Stefna Aðalskipulags Blönduós</i>	Áhrif á samgöngukerfi eru óveruleg þar sem ný landnotkun hefur óverleg áhrif á ferðavenjur og fjöldaferða.

		fjöldi ferða.	2008-2020 um atvinnu. Velferð til framtíðar Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi Stefnumörkun til 2020	
<i>Efnahagur</i>	Athuga þarf áhrif fjölbreyttrar atvinnustarfsemi og fjölgun íbúa á efnahag	Hver eru áhrif fjölbreyttrar atvinnustarfsemi og fjölgun íbúa á efnahag.	Gildandi Svæðisskipulag um markmið og stefnu atvinnusvæði. Stefna viðkomandi sveitarfélaga um framboð og eftirspurn eftir atvinnuhúsnæði, stefnumörkun um atvinnusvæði, verslun og þjónustu og iðnaðar- og athafnasvæði.	Í Austur -Húnavatnssýslu er aðalatvinnuvegurinn landbúnaður og hefur fjölbreytt atvinnustarfsemi jákvæð áhrif á efnahag og samræmist stefnu svæðisskipulagsins þar sem sagt er skipulagsáætluninni er ætlað að skapa rými til eflingar atvinnulífs og skilgreina svæði fyrir nýjar atvinnugreinar.
<i>Öryggi</i>	Athuga hvernig breytt umferð hafa áhrif á umferðaröryggi.	Aukin umferð vegna nýrra svæða og nálægð svæðis við þjóðveg 1.	Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 Stefna Aðalskipulags Blönduós 2008-2020 um atvinnu.	Ný landnotkun hefur óveruleg áhrif á umferðaröryggi því umferðaraukningin um vegi verður óveruleg.

4 MATSFERLIÐ OG SAMRÁÐ

Umhverfisskýrslan var unnin af Landmótun sf. í samráði við skipulags- byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar. Helstu upplýsingar fyrir matið fengust úr gildandi Svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu sem og aðalskipulagsgögnum sem eru í vinnslu fyrir Blönduósbæ, Skagfjörð, Skagaströnd og Húnavatnshrepp. Einnig var notast við tilkynningargögn fyrir sorpförgunar- og urðunarsvæði á Sölvabakka og önnur málsmeðferðargögn skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 100/2006. Upplýsingar um gögn sem notuð voru má sjá í kafla 6.

Breyting á Svæðisskipulagi Austur – Húnavatnssýslu hefur verið til umfjöllunar hjá samvinnunefnd um svæðisskipulag Austur – Húnavatnssýslu. Sveitarstjórnir A-Húnavatnssýslu hafa komið á fót samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags, sbr. 4. mgr. 12. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Fyrsti fundur nefndarinnar var 3. júní 2009, þar sem m.a. voru samþykktar starfsreglur sem hafa verið sendar ráðherra til umsagnar og birtingar í B. deild stjórnartíðinda. Samvinnunefnd um svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu er skipuð tveimur fulltrúum frá Blönduósbæ, tveimur fulltrúum frá Húnavatnshreppi, tveimur fulltrúum frá Skagabyggð, tveimur fulltrúum frá sveitarfélaginu Skagaströnd og einum fulltrúa frá Skipulagsstofnun.

Kynning umhverfisskýrslu

Tillaga að svæðisskipulagi Austur - Húnavatnssýslu og umhverfisskýrsla verður kynnt almenningi skv. 1. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. á Blönduósi mánudaginn 6. Júlí 2009. Á auglýsingatíma verður haft samráð við Vegagerðina, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, Umhverfisstofnun, Fornleifavernd ríkisins, Landsnet og Flugmálastjórn

Íslands. Umsagnaraðilum og almenningi gefast sex vikur til að kynna sér svæðisskipulagið og umhverfisskýrsluna og koma á framfæri athugasemdum áður en að svæðisskipulagið er afgreitt og staðfest.

5 SAMLEGÐARÁHRIF OG HEILDARNIÐURSTAÐA MATSVINNU

Líkleg áhrif á breytingu svæðisskipulags Austur–Húnavatnssýslu eru í heildina lítið óveruleg eða jákvæð á þá þætti umhverfisins sem metnir voru. Jákvæð áhrif eru á samfélag sýslunnar en gert er ráð fyrir eflingu atvinnutækifæra þá sér í lagi með uppbyggingu orkufrekrar atvinnustarfsemi og þjónustu. Jákvæð áhrif eru einnig vegna nýs efnistökuástandar þar sem með því skapast tækifæri að loka öðrum námum á viðkvæmum svæðum og fækka þannig námum sem er í samræmi við stefnumörkun um sjálfbæra þróun sem og stefnumörkun sveitarfélaga á svæðinu um að hafa námur færri en stærri. Óljós áhrif eru á samgöngur og umferðaröryggi vegna þeirrar óvissu sem ríkir um umferðaraukningu sem gæti fylgt breyttri landnotkun.

6 VIÐAUKI

Umhverfisþáttur	Forsendur	Upplýsingar	Matsspurning	Viðmið
Auðlindir				
Landrymi	Stefnumörkun hefur bein áhrif á landrymi.	Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 og gildandi Aðalskipulag Blönduós 2003-2013.	Hlutfall milli byggðs og óbyggðs lands	Leiðbeiningarbæklingur Skipulagsstofnunar
Orka	Stefnumörkun hefur bein áhrif á orkunotkun, sérstaklega m.t.t. samgangna og uppbyggingu nýs iðnaðar.		Hefur staðsetning nýs sorpförgunarstaðar áhrif á orkunotkun, vegna fjarlægðar við helstu þéttbýlisstaði. Orkunotkun vegna uppbyggingar gagnavers.	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020 kafli 12.
Jarðefni	Stefnumörkun hefur áhrif á jarðefnanotkun, þ.e. vegna uppbyggingar efnistökusvæðis.		Fjöldi náma?	Stefna Svæðisskipulags Austur-Húnavatnssýslu og tillögu aðalskipulags Blönduós 2008-2020 um námur. Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020 (kafli II, um verndun náttúru Íslands)

Umhverfisþáttur	Forsendur	Upplýsingar	Matsspurning	Viðmið
Samfélag				
Samgöngur	Stefnumörkun hefur bein áhrif á samgöngukerfi og umferð	Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 og Samgönguáætlun 2007-2010.	Ferðavenjur og fjöldi ferða? Akstursvegalengdir? Aðgengi gangandi-, hjólandi og riðandi vegfarenda?	Stefna í drögum aðalskipulags sveitarfélaga í Austur Húnavatnssýslu um samgöngur sem og stefna aðalskipulags viðkomandi sveitarfélaga um samgöngur.

Efnahagur	Atvinna	Hagstofan, Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 og önnur gögn sem safnað hefur verið í tengslum við vinnu við endurskoðun aðalskipulags fyrir Blönduósbæ, Skagaströnd., Húnavatnshreipp og Skagafjörð.	Fjölbreytni atvinnutækifæra	Gildandi Svæðisskipulag um markmið og stefnu atvinnusvæði. Stefna viðkomandi sveitarfélaga um framboð og eftirspurn eftir atvinnuhúsnæði, stefnumörkun um atvinnusvæði, verslun og þjónustu og iðnaðar- og athafnasvæði.
Félagslegt umhverfi	Stefnumörkun hefur áhrif á húsnæðis-framboð og búsetukosti	Aðalskipulag viðkomandi sveitarfélaga.	Fjölbreytt húsnæðisframboð? Fjölbreytta búsetukosti? Íbúðarþróun?	Stefna svæðisskipulags um íbúðarþróun, þróun byggðar og dreifingu búsetu eftir svæðum einnig markmið um íbúðarsvæði Stefna viðkomandi sveitarfélags um íbúðarþróun, framboð og eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði, markmið og stefnu um íbúðarbyggð.
Heilsa og öryggi	Stefnumörkun kann að hafa áhrif á umferðaröryggi Stefnumörkun um iðnað og sorpförgun kann að hafa áhrif á loftgæði	Samgönguáætlun, Velferð til framtíðar Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020 og aðalskipulag viðkomandi sveitarfélaga.	Aukin umferð vegna nýrra svæða getur haft áhrif á umferðaröryggi og á heilsu manna. Áhrif iðnaðarsvæða á loftgæði.	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020 (kafli II).

7 HEIMILDIR

Alþingi 1997: Skipulags- og byggingarlög m.s.b. Stjórnartíðindi A, nr. 73/1997, 23 bls.

Byggðasafn Skagafjarðar 2008: Fornleifaskráning Blönduósbæjar II, Enni-Hnjúkar-Sölvabakki-Breiðavað.

Byggðasafn Skagafjarðar 2008: Fornleifaskráning Húnavatnshrepps I, Svínavatn – Hólabak - Uppsaliir – Öxl.

Efla verkfræðistofa og Landmótun sf. 2009: Sölvabakki – Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 Umhverfisskýrsla vegna deiliskipulags fyrir sorpfögunar og efnistökusvæði á Sölvabakka (í vinnslu).

Hjalti Þórðarson 2009: Gróðurfar á lóð Norðuarárs bs. fyrir norðan Sölvabakka í Refasveit.

Landmótun sf. 2009: Aðalskipulag Blönduósbæjar 2009 – 2020 (í vinnslu).

Landmótun sf. 2009: Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2009 – 2020 (í vinnslu).

Landmótun sf. 2002: Aðalskipulag Húnaþings vestra.

Landmótun sf. 2009: Aðalskipulag Skagastrandar 2009 – 2020 (í vinnslu).

Landmótun sf. 2008: Tillaga að deiliskipulagi fyrir ferðaþjónustusvæði á Öxl II.

Landmótun sf. 2009: Tillaga að deiliskipulagi fyrir sorpfögunarsvæði og efnistökusvæði á Sölvabakka.

Landmælingar Íslands: Kortagrunnur.

Lendis: Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021 (í auglýsingu).

Landsnet: Kerfisáætlun Fimm ára áætlun 2009 – 2013.

Línuhönnun verkfræðistofa 2007: Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2007 - 2020, 69 bls.

Línuhönnun verkfræðistofa 2008: Sölvabakki– fyrirhugaður urðunarstaður Jarðkönnun og jarðfræði, 12 bls.

Náttúrustofu Norðurlands vestra 200 : Fuglalíf á fyrirhuguðum sorpurðunarstað við Sölvabakka í Refasveit.

Samgönguráðuneytið 2007: Samgönguáætlun 2007-2010.

Skipulagsstofnun 2003: Leiðbeiningar um gerð Aðalskipulags.

Stapi jarðfræðistofa 2005: SORPFÖRGUN FYRIR NORÐURLAND VESTRA - Tillaga að matsáætlun -, 32 bls.

Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur 1994: Aðalskipulag Blönduóss 1993 – 2013.

Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur 2005: Svæðisskipulag Austur – Húnavatnssýslu 2004 – 2016, 153 bls.

Umhverfisráðuneytið: Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020, 82 bls.

Umhverfisstofnun 2003: Náttúruverndaráætlun 2004–2008 – Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar, 100 bls.

Umhverfisstofnun 2004: Landsáætlun 2004 – 2002, Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.